

Mál nr. 3/2011

Ár 2011, þriðjudaginn 8. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 3/2011

X

gegn

YogZ

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 22. febrúar 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu Y og Z hafi gerst brotleg við grundvallarreglur félagsins með því að para tíkina XX við hundinn YY án þess að hún hefði náð tilskildum lágmarksaldri við þörun. Kæran var send kærðu Y&Z til umsagnar með bréfi dagsettu 28. febrúar 2011 og þeim gefinn 4 vikna svarfrestur til andmæla eða til 28. mars. Kærðu Y&Z var send ítrekun 30. mars og veittur viðbótarfrestur til 6 apríl. Kærðu Y&Z svöruðu með bréfi sem mótttekið var af siðanefnd 11. apríl. Andsvar kærðu Y&Z var sent kæranda X til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Í framhaldi af því voru málsaðilar boðaðir á sáttafund sem haldinn var 24. okt. Kærðu Y&Z mættu ekki á fundinn en hringt var til þeirra og haldinn símafundur með kærða Y. Ekki náðist í kærðu Z en hún hafði fengið sannanlega boðun á fund siðanefndar. Sættir tókust ekki og þar sem siðanefnd taldi að öll gögn um málið lægju fyrir svo og þau sjónarmið sem máli skiptu komin fram, þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu þörunarvottorði var tíkin XX þöruð við hundinn YY án þess að tíkin hefði náð tilskildum lágmarksaldri við þörun sem er 2 ár. Um er að ræða hunda af kyninu labrador retriever og er tíkin í eigu kærðu Y&Z. Kærandi X telur að með þöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærðu Y&Z svöruðu því til að aldrei hefði verið ætlunin að brjóta reglur félagsins. Þau hafi gert sér grein fyrir því að tíkin væri í yngri kantinum og því samvisskusamlega leitað sér upplýsinga um viðmiðunaraldur tíka við þörun. Þau hafi leitað á vefsvæði HRFÍ á netinu og einnig haft samband við skrifstofu HRFÍ sem benti þeim á formann retriever-deildarinnar. Hvergi hafi þau fengið fullnægjandi svör og því hafi þau leitað til dýralæknis, sem skoðaði tíkina og taldi það vera í lagi að para hana.

III. Forsendur

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í grein 3.3 sömu reglna segir:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með)”

Í málinu liggur ljóst fyrir að ekki hefur komið fram nein umsókn um undanþágu frá grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ um breytingar á lágmarksaldri fyrir þörun tíka af þessu hundakyni. Hafa kærðu Y&Z því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög við brotinu. Kærðu Y&Z játuðu brot sitt skýlaust. Þau hafa borið við skorti á upplýsingum og ef þau hefðu þekkt þessar reglur betur hefðu þau sannarlega beðið með að para tíkina. Þau hafa beðist afsökunar og heitið því að virða reglur félagsins framvegis. Á það ber hins vegar að líta að það er alfarið á ábyrgð ræktanda að kynna sér reglur félagsins sem eru settar með velferð dýranna að leiðarljósi en þar sem kærðu hafa ekki áður svo vitað sé gerst brotleg er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög séu áminning. Þar eð Z var ekki félagsmaður er brot átti sér stað, þá úrskurðar siðanefnd ekki í hennar broti.

IV. Niðurstaða

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 og grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur

f.h. siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir